

SAMÞYKKT

fyrir Veidifélag Sandvíkur.

1. Félagið heitir Veidifélag Sandvíkur. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða sem land eiga að Bakkaá, Hölná, Gæsagilsá að Nýjabæjarfossi, Dalhúsaá að Efrifossi og Staðará. Félagssvæðið tekur einnig til Bakkavatns, Hundsvatns og Hólmavatns. Þær jarðir sem hér um ræðir eru: Bakki I, Bakki II, Bakki III, Nýibær, Dalhús og Skeggjastaðir, Skeggjastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
3. Verkefni félagsins er að byggja upp og viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, að fenginni faglegrri ráðgjöf og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar lax- og silungsveiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
6. Aðalfund skal halda í apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boða og hann haldinn í samræmi við ákvæði laga um lax- og silungsveiði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Öll veiði, sem samþykkt þessi nær til, er óheimil á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Takmörkun veiðiaðferða og veiðitíma umfram ákvæði laga um lax- og silungsveiði er háð samþykki aðalfundar félagsins. Stjórn félagsins er óheimilt án heimildar aðalfundar að leigja hluta eða alla veiði á félagssvæðinu til lengri tíma en eins árs.
10. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. apríl 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík.

Sóltún 24

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. mars 1999 breytingu á deiliskipulagi við Borgartún — Samtún frá 7. maí 1973, hvað varðar lóð sem í dag nefnist Sóltún 24. Reist verður skrifstofuhús á lóðinni.

Hið breytta skipulag hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 9. apríl 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Ölfushrepps þann 25. febrúar 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið í Þorlákshöfn, dagsett 19. febrúar 1999.

Breytingin nær til reits sem afmarkast af Hafnarskeiði til vesturs, Herjólfs svæði til norðurs, aðkeyrslu að Skarfakersbryggju til suðurs og sjóvörn til austurs.

Samþykkt er að umrætt svæði verði fyrir hafnsækna starfsemi. Svæðið skal skiptast í tvær lóðir er hafi nr. 12 og 14 við Hafnarskeið. Á norðvesturmörkum svæðisins verði bílastæði um 635 m² eða fyrir 18 bíla. Aðkeyrslan að Herjólfsbryggju, er liggur að lóð nr. 14 við Hafnarskeið, verði breikkuð um allt að 9 metra.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 20. apríl 1999.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Ölfushrepps,

Sigurður Jónsson.